

Samkvæmt tillögum biskups var með þessu brjefi og öðru frá 7. s. m. þeim 7000 kr., **74**  
sem í fjárlögum fyrir árin 1880 og 1881, 12. gr. A. b. 1. eru veittar til bráðabirgða- **13. apríl.**  
uppbótar fátökum brauðum, úthlutað þannig:

A. Brauð, sem prestar eru í:		Fluttar 3000 kr.
1. Klyppstaður . . . . .	100 kr.	18. Fell . . . . . 200 —
2. Stöð . . . . .	200 —	19. Knapptaðir . . . . . 100 —
3. Sandfell . . . . .	400 —	20. Miðgarður í Grímsey . . . . . 200 —
4. Reynisþing . . . . .	200 —	21. Hvanneyri . . . . . 200 —
5. Staður í Grindavík . . . . .	200 —	22. Kviabekkur . . . . . 200 —
6. Gufudalur . . . . .	100 —	23. Skútustaðir . . . . . 200 —
7. Flatey . . . . .	100 —	24. Þönglabakki . . . . . 300 —
8. Brjámslækur . . . . .	200 —	25. Lundarbrekka . . . . . 200 —
9. Sauðlauksdalur . . . . .	100 —	26. Presthólar . . . . . 200 —
10. Álptamýri . . . . .	100 —	
11. Kirkjubólsping . . . . .	200 —	
12. Staður í Grunnavík . . . . .	200 —	
13. Staður í Aðalvík . . . . .	400 —	
14. Tröllatunga . . . . .	100 —	
15. Prestsbakki . . . . .	100 —	
16. Hvammur og Keta . . . . .	200 —	
17. Goðdalir . . . . .	100 —	
	<u>Flyt 3000 —</u>	
		<u>4800 —</u>
		B. Laus brauð:
		1. Ásar og Búland . . . . . 700 kr.
		2. Selvogsping . . . . . 500 —
		3. Otrardalur . . . . . 400 —
		4. Sandar í Dýrafirði . . . . . 200 —
		5. Húsavík . . . . . 200 —
		6. Þóroddsstaður . . . . . 200 —
		<u>Samtals 7000 —</u>

— *Agrip af 2 brjefum landshöfðingja til stiptsyrfrvaldanna um styrk handa* **75**  
barnaskólum. — Hreppsnefndin í Stokkseyrarhreppi hafði stofnað barnaskóla á Stokks- **14. apríl.**  
eyri, auk barnaskólans á Eyrarbakka og lagt báðum þessum skólum 150 kr. árlega og  
fór hún þess nú á leit að fá 300 kr. styrk af fje því, er getur um í 12. gr. 7. fjárlaganna.  
Hreppsnefndin í Rosmhvalaneshreppi hafði lagt barnaskólanum í Gerðum 200 kr. ársstyrk  
og sótt um jafnmikinn styrk úr landsjóði. Þetta hvorttveggja var veitt um fardagaárið  
1880—81 með því skilyrði, að gjörður yrði reikningur fyrir tekjum og gjöldum hlutaðeigandi  
skóla, er sýndi, að bæði landsjóðs- og sveitarsjóðsstyrknum hefði verið varið skólanum í háð.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um ferðastyrk handa* **76**  
skólakennara. — Þjer hafð, herra landshöfðingi, sent hingað danska þýðingu á beiðni, **14. apríl.**  
er yður hafði borizt frá settum kennara við hinn lærða skóla í Reykjavík, Sigurði Sig-  
urðarsyni, og þar sem hann fer fram á að fá styrk að upphæð 700—800 kr. til þess nú  
í sumar að ferðast til Frakklands og auka þar þekkingu sína á frakkneskri tungu og  
bókmenntum, og hafð þjer í þóknanlegu brjefi frá 9. febrúar þ. á. lagt það til, að ráð-  
gjafinn vildi veita beiðandanum af þeim hluta, er ráðgjafinn hefir umráð yfir af fje því,  
sem getur um í 15. gr. fjárlaganna, annaðhvort 700 kr. ferðastyrk eða þá helming þess-  
rarar upphæðar og yrði þá hinn helmingurinn greiddur af þeim hluta, er þjer hafð um-  
ráð yfir af nefndu fje.

Fyrir því skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeining-  
ar og frekari ráðstafanar, að ráðgjafinn, eptir því sem ástatt er, fellst á, að beiðandinn

**76** 14. apríl. fáí til umgetinnar ferðar 350 kr. af þeim hluta, er ráðgjafinn hefir umráð yfir af fje því, sem veitt er í 15. gr. fjárlaganna<sup>1</sup>.

**77** 16. apríl. — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður og vesturumdæminu um sveitarflutning á vitfirringi.* — Hreppsnefndin í Skilmannahreppi hefir í brjefi frá 2. des. f. á. borið sig upp undan úrskurði amtmannsins frá 28. janúar f. á., er gjörir hreppi þessum að skyldu að endurgjalda Mela- og Leirárhreppi fátækrastryk þann, er Helga nokkrum Sigurðssyni hefir verið veittur þar síðan 1877; en af hálfu Skilmannahrepps hefir því einkum verið haldið fram, að Helgi þessi Sigurðsson, sem er fœddur í Skilmannahreppi 1836, hafi áunnið sjer framfærslurjett í Akraneshreppi með því, að dvelja þar samfleytt í 11 ár frá 1854—1865, því árið 1863 hafi hann að eins dvalið sem kaupamaður um sláttinn í Skilmannahreppi, og upphæð, sem lögð var með honum þetta ár í Akraneshreppi, hafi ekki verið sveitarstrykur.

Eptir að jeg nú með brjefi yðar, herra amtmaður, frá í gær hefi meðtekið vottord um, að samkvæmt sveitarbókinni hafi sökum brjálsemi, er kom yfir Helga 1863, verið goldnar úr sjóði Akraneshrepps 52 kr., vil jeg tjá yður, herra amtmaður, það, er á eptirfer til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar þeim, er hlut eiga að máli.

Skilmannahreppur hefir haldið því fram, að styrkur sá, er veittur var Helga 1863, hafi ekki verið lagður honum af fátækrafje, en útvegaður honum undir hendinni sem velvildarlán, er hann hefði átt að greiða af eigin fje sínu, og hefir hreppurinn í þessu tililiti skírskotað til brjefs stiptamtmannsins, frá 15. ágúst 1864, er vísaði hreppstjóranum í Akraneshreppi til þess að leita endurgjalds á styrknum til Helga sjálfs, þó hreppstjóranum væri gefin von um endurgjald frá Skilmannahreppi samkvæmt nánari skýringum síðarmeir. En hvað sem nú þessu líður, þá get jeg ekki fallizt á álit Skilmannahrepps um dvöl Helga þar sumarið 1863. Hún atvikaðist með því móti, að sýslumaður með úrskurði frá 27. júlí 1863 skyldaði Skilmannahrepp til að taka Helga til gæzlu og framfærslu sem vitfirring, og samkvæmt þessum úrskurði var Helgi þetta sumar fluttur úr Akraneshreppi upp í Skilmannahrepp, er reyndar hjet hann síðar um haustið hverfa aptur út á Akranes, en þessi apturkoma hans til Akraneshrepps gat ekki dregið úr eða ónytt afleiðingarnar af flutningnum um sumarið. Síðan hefir ekkert komið fram um, að Helgi hafi nokkursstaðar með samfleyttri 10 ára dvöl áunnið sjer sveit fyrir utan fœðingahrepp sinn.

Af þessum ástœðum verður að staðfesta hinn áfrýjada amtsúrskurð.

**78** 16. apríl. — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um skyldu presta til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eptir sinn dag.* — Eptir að ráðgjafinn, svo sem getið er um í brjefi frá 28. febr. þ. á.<sup>2</sup>, hafði beiðst álits lífsábyrgðar- og framfærslustofnunarinnar frá 1871 um lagafrumvarp það, um skyldur presta til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eptir sinn dag, er alþingi samþykkti í sumar sem leið, hefir frá stofnun þessari komið brjef það, er hjer með fylgir eptirrit af, og hefir álit lífsábyrgðar- og framfærslustofnunarinnar enn meira sannfært ráðgjafann um, að eigi sje gjörlegt að leggja það til, að frumvarp þetta nai staðfestingu konungs, og skal í þessu efni einkum tekið fram það, er hjer segir:

1) 11. maí voru Sigurði enn fremur veittar 350 kr. af fje því, er landshöfðingi hefir umráð yfir til vísindalegra og verklegra fyrirtækja.

2) Sjá stjórnartíðindi þ. á. B. 57.